

Langholtiavegi 27 janúar 2021

Efni:

Umsögn um þingmál nr. 369 um stofnun þjóðgarðs á hálendi Íslands

Undirritaður hefur lengi fengist við ferðalög um Ísland ýmist til rannsókna vegna gerðar leiðsögubóka eða til skemmtunar sér sjálfum og sínum félögum. Sá fjársjóður sem dýrastur er í eigu þjóðarinnar finnst í náttúru landsins og víðáttum þess ósnortnum. Áform um að byggja um þessi verðmæti þjóðgarð eru góð og hafa stuðning minn heilan.

Okkur hafa orðið ljós á síðustu áratugum verðmæti ósnortinna víðerna og skylda okkar til þess að standa um þau vörð ekki aðeins til handa komandi kynslóðum Íslendinga heldur einnig fyrir hönd heimsins alls þar sem slíkar gersemar eru á hverfanda hveli.

Frekar en að leggja stund á pex og tíning sparða um einstaka staflíði frumvarpsins langar mig til þess að senda nefndinni ljóð eftir Jóhannes úr Kötlum. Í því birtist mín brýning til kjörinna fulltrúa að missa ekki úr höndum sér það fjöregg sem nú er í þeirra umsjá.

Jarðerni

Af þér er ég kominn undursamlega jörð:

eins og ljós skína augu mín á blóm þín
eins og snjór lykja hendur mínar um grjót þitt
eins og blær leikur andardráttur minn um gras þitt
eins og fiskur syndi ég í vatni þínu
eins og fugl syng ég í skógi þínum
eins og lamb sef ég í þínum mó.

Að þér mun ég verða undursamlega jörð:

eins og sveipur mun ég hverfast í stormi þínum
eins og dropi mun ég falla í regni þínu
eins og næfur mun ég loga í eldi þínum
eins og duft mun ég sálðrast í þína mold.

Og við munum upp rísa undursamlega jörð.

Páll Ásgeir Ásgeirsson leiðsögumaður og rithöfundur